


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 15. nóvember s.l., óskað eftir umsögn samtakanna við ofangreindu frumvarpi, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk sjóðsins og að hann muni einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækum, en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna umræddu frumvarpi, sérstaklega því ákvæði þess sem kveður á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon